

## **Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025. Frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.**

Háskólar gegna margvíslegum hlutverkum í þeim samfélögum sem þeir starfa. Í þeim eru stundaðar rannsóknir, í þeim er nemendum kennt og í þeim fer fram lýðræðisleg umræða akademískra starfsmanna og nemenda um málefni stofnunarinnar. Markmiðið með kennslunni er að nemendur menntist. Það þýðir að þekking þeirra eykst, þeir þroskast og skilja betur heiminn sem þeir lifa í, geta lifað betra lífi, eiga betri möguleika á starfi sem krefst þekkingar. Samfélagið allt hagnast á aukinni þekkingu borgaranna, lausnir á samfélagsvanda byggjast á bestu vitneskju á hverjum tíma, hagkerfi þróast á þekkingargrunni. Háskólar mennta embættisfólk, tæknifólk, sérfræðinga af öllu tagi. Það er rétt að benda á að þessar staðreyndir um betra líf nemenda og samfélagið eru óbein afleiðing starfsemi háskólanna.

Einhver mikilvægustu gæði háskólakennara er akademískt frelsi eða fræðilegt frelsi þeirra sem er orðalagið sem notað er í Lögum um háskóla nr. 63/2006. Það þýðir að þeir einir ákveða hvað þeir kenna, hvernig þeir kenna það, hvað þeir rannsaka og hvernig þeir rannsaka það. Háskólarnir „ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið“ (Lög um háskóla 63/2006). En yfirstjórn háskóla hefur ekki heimild til að skipta sér af rannsóknnum starfsmanna sinna eða kennslu. Í 1. mgr. 2. gr. a segir „Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur... Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé.“ Það er ástæða til að benda á þessi grundvallaratriði í upphafi þessarar umsagnar.

Þessi umsögn hefur verið reifuð í hópi sem unnið hefur að rannsóknarverkefni um lýðræðislegt hlutverk háskóla og er sett fram m.a. í anda þess sem segir um aukið hlutverk háskólafélks í lýðræðislegri umræðu í drögnum. Ekki hefur gefist mikill tími til ítarlegrar greiningar svo athugasemdir okkar eru almennt orðaðar.

### **Of mörgu slegið saman án nægilegs rökstuðnings eða umræðu**

Í þeim drögum að ályktun sem hér eru kynnt eru tilgreind fjölmörg mikilvæg málefni, þar sem í senn koma fram stefnumið, forsendur og rökstuðningur. Að okkar mati eru á drögnum þrjár alvarlegir gallar sem þýða að þau eru ótæk til þingsályktunar. Í *fyrsta lagi* eru stefnumiðin mörg og raunar mjög ólík og útilokað að taka almenna afstöðu til þeirra nema greina þau niður í afmörkuð viðfangsefni. Það þykir undirrituðum bráðnauðsynlegt til þess hægt sé að láta í ljósi yfirvegaða rökstudda afstöðu án þess að fara ofan í mikil smáatriði og mjög langt mál. Þetta tengist framtíðarsýninni, en þó einkum meginmarkmiðunum þremur. Þau ættu í raun heima í a.m.k. þremur aðgreindum ályktunum. Í *öðru lagi* eru þær forsendur sem gefnar eru bæði umdeilanlegar og þröngar og krefjast mun agaðri rökstuðnings og meiri umræðu. Við teljum brýnt að hún fari fram á víðum vettvangi áður en Alþingi kemst að niðurstöðu. Í *þriðja lagi* er vel hugsanlegt að taka undir einhverja efnispætti meginintextans án þess að fallast á þann rökstuðning sem kemur fram í greinargerðinni. Þannig teljum við brýnt að hann fái miklu ígrundaðri umfjöllun þar sem tryggt er að ólík fagleg sjónarmið komi fram.

### **Ónóg undirbúningsvinna**

Á níunda áratug síðustu aldar starfaði framtíðarnefnd sem vann mjög vandaða vinnu á mörgum sviðum en ekki náðist að fylgja henni eftir í stefnuplagg af því tagi sem hér er hugsað. Ekki er lagt til að farið sé í það far en samt að einhver slík undirbúningsvinna verði unnin. Jafnframt má lyfta upp þeirri vinnu sem hefur verið unnin á vegum síðustu ríkisstjórnar um skyld málefni og hún notuð til að undirbyggja ályktun af þessu tagi. Í nágrannalöndum okkar hefur þróast málefnalegt verklag á formi svonefndra „græn-“ eða „hvít-“ bóka sem lagðar eru til grundvallar ályktana af því tagi sem nú liggur frammi. Sumt af því sem tilgreint er í skjalinu krefst slíkrar agaðrar undirbyggingar. En hana vantar sárlega í þetta skjal.

## Aðför að sjálfstæði háskóla

Við undirrituð þekkjum vel til umræðu um málefni háskóla, hvort heldur er um afskipti stjórnvalda af áherslum eða skiptingu fjár innan háskólanna eða um gæðamál og gerum verulegar athugasemdir við bæði stefnu, forsendur og rökstuðning hvað þau mál varðar. Við teljum að með þessari ályktun stigi stjórnvöld langt út fyrir þann ramma sem sátt hefur verið um eða skynsamlegur hefur verið talinn bæði hér á landi og í nágrennalöndum okkar. Í drögunum er tekin afstaða til umræðna um fjölmörg sjónarmið og álitamál sem tekist hefur verið á um innan háskólanna og sem þeim hefur tekist að leysa með ígrundaðri, lýðræðislegri umræðu og farsælli stjórnun. Fyrirhugað inngrip stjórnvalda er að okkar mati ekki skynsamlegt og mætti jafnvel ganga svo langt að tala um aðför að hefðbundnu og lögbundnu sjálfstæði háskóla í því sambandi. Margt af því sem gefið er í skyn um skiptingu fjár, gæði og stöðu háskólanna stenst alls ekki skoðun að okkar mati.

## Dæmi um gallaðan rökstuðning

Sem fyrr segir teljum við útilokað að taka afstöðu til allra þeirra fjölmörgu málefna sem hér eru tilgreind. Við látum því nægja að tiltaka fáein dæmi um gallaðan rökstuðning að okkar mati.

Í fyrsta lagi er staðhæft mörgum sinnum án rökstuðnings að breyttar áherslur í menntakerfinu séu forsenda vaxtar í atvinnugreinum sem byggjast ekki á hefðbundnum auðlindum. Það er hins vegar í raun alveg óljóst hvert samhengið er þarna á milli og því fer fjarri að Tillagan og greinargerðin varpi sannfærandi ljósi á það. Sem dæmi má nefna það sem segir um STEAM í Tillögunni. STEAM er fyrst nefnt á bls. 2 en síðan skýrt á bls. 9 þannig að um sé að ræða að „raungreinar eru kenndar með aðferðum lista“. Það verður að skilja það sem segir á bls. 9 um STEAM sem eindregna skoðun ráðuneytis að taka eigi upp þessa kennsluhætti. Ekki er vísað í skilgreiningar eða rannsóknir á þeim kennsluháttum sem við er átt. Öllu alvarlegra er þó að slíkar yfirlýsingar af hálfu stjórnvalda brjóta gegn akademísku (fræðilegu) frelsi háskólakennara. Ef eðlisfræðingar, líffræðingar, stærðfræðingar eða aðrir sem kenna raunvísindi telja rétt að kenna grein sína með aðferðum lista þá gera þeir það. Ef þeir telja það fráleitt gera þeir það ekki. Það er háskólakennara einna að ákveða hvernig þeir kenna, ekki Alþingis, ráðuneytis eða stjórnar háskólanna. Þetta grundvallaratriði í háskólahugtaki nútímans er sem fyrr segir bundið í Lög um háskóla nr. 63/2006. Ekki verður betur séð en að Tillagan feli í sér brot á þeim lögum.

Annað dæmi um gallaðan rökstuðning er að á bls. 2 er rætt um fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum til að mæta hraðri öldrun þjóðarinnar og að innleiðing tækni og nýrra starfshátta dragi úr mikilli fyrirsjáanlegri kostnaðaraukningu í heilbrigðiskerfinu. Þetta atriði tengist engu öðru í tillögunni og það er alveg óljóst hvernig aukinn fjöldi menntaðra heilbrigðisstarfsmanna á að draga úr fyrirsjáanlegri kostnaðaraukningu í heilbrigðiskerfinu. Á bls. 9-10 er fjallað frekar um þetta og lesandi er engu nær um samhengið á milli nýrrar tækni og minni kostnaðar. Það verður að segjast eins og er að það er seint í rassinn gripið að grípa til aðgerða nú sem byrja að skila árangri eftir tíu ár, kannski fyrr, en öldrunin er nú þegar orðin samfélagsvandi sem bregðast þarf við með skjótvirkari hætti. Það sem sagt er um þetta byggist heldur ekki á rannsóknum á íslenska heilbrigðiskerfinu að því er best verður séð og óljóst hvernig aukin tækni og aukinn mannskapur mun ráða við öldrun þjóðarinnar. Það hefði hjálpað að vísað væri til einhverra rannsókna í þessu samhengi eins og öðrum í þessari tillögu.

Þriðji gallinn sem við teljum nauðsynlegt að nefna er að mörg lykilhugtök á borð við „samkeppnishæfni háskóla“, „menntun á heimsmælikvarða“, „gæði kennslu“ og „gæði menntunar“ eru alveg óskilgreind, enda þótt á þeim hvíli mörg af þeim efnisatriðum Tillögunnar sem afdrifaríkust yrðu fyrir starfsemi háskóla á Íslandi vegna þess hvernig þau snerta forsendur fyrir útdeilingu fjár.

## Að lokum

Rétt er að benda á að sjónarhorn Tillögunnar er allt á framlag háskóla til efnahagslífs. Það er gott og gilt sjónarmið en það má ekki blinda okkur á önnur hlutverk háskóla, t.d. menningarleg, lýðræðisleg, menntunarleg og vísindaleg. Áhersla Tillögunnar á að stjórnvöld útdeili fjármunum á grundvelli hugmynda sinna um hvaða greinar séu samfélagslega mikilvægar fela í sér augljósa hættu fyrir þær háskólagreinar sem þjóna mikilvægum hlutverkum sem falla utan þeirra hugmynda.

Hvert og eitt okkar hefur í faglegu starfi fjallað um ólíka þætti menntunar sem vikið er að í drögum, m.a. um mikilvægi lýðræðislegrar umræðu, um stöðu og starf háskólanna og framtíð menntunar. Við samsinum því að þróun á öllum sviðum er brýn og mætti vera kvikari en teljum margt af því sem um þau mál er sagt í Tillögu og greinargerð orka tvímælis, þó ekki sé kveðið sterkar að orði.

Anna Ólafsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri

Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor emeritus, Háskólanum á Akureyri

Guðrún Geirsdóttir, dósent við Háskóla Íslands

Jóhann Helgi Heiðdal, doktorsnemi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri

Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus, Háskóla Íslands

Sigurður Kristinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri

Valgerður S. Bjarnadóttir, lektor við Háskóla Íslands

Vilhjálmur Árnason, prófessor emeritus, Háskóla Íslands